

## GAMAN SAMAN 2018

Gaman saman hefur nú verið dagskráliður á Eirhömrum í 5 ár, annan hvern fimmtudag yfir vetrarmánuðina.

Gaman saman er samstarfsverkefni FaMos, félagsstarfsins og Vorboða.

Gaman saman er velsótt af íbúum Eirhamra og Hamra ásamt öðrum gestum og telst mér til að um 50 gestir sæki Gaman saman í hvert skipti.

Eins og áður koma við sögu leikskólabörn frá 7 leikskólum bæjarins, Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, stjórnandi Daði Þór Einarsson, Barnakór Varmárskóla, stjórnandi Guðmundur Ómar Óskarsson, og nemendur Listaskóla Mosfellsbæjar sem Atli Guðlaugsson stýrir.

Allir þessir aðilar, sem glatt hafa augu og eyru gesta í Gaman saman og telja í kringum 250 manns, fá mínar bestu þakkir fyrir samvinnuna, samstarfskonum mínum til 5 ára þeim Bjarneyju Einarsdóttur og Guðríði Pálsdóttur færi ég bestu þakkir og svo verð ég að nefna leikstjórastjóra og kennara fyrir einstakt framlag þeirra og færi þeim öllum góðar kveðjur og þakkir.

Undanfarin tvö ár hefur Helgi R. Einarsson séð um undirleik og farið með vísur og gamanmál eins og honum einum er lagið en hann fer líka inn á alla leikskólana bæjarins og lætur börnin syngja svo að þau koma vel undirbúin í Gaman saman.

Úlfhildur Geirsdóttir umsjónarmaður